




Dalai Lama og lamasiður

Stundum er talað um Tíbetskan sið eða lamasið sem þriðju meginstefnu búddadóms en frá því að búddadómur barst til Tíbet á 7. öld hefur hann þróast þar á mjög sérstakan hátt. Áhrifin frá hindúasið eru sterk en mikil áhersla er lögð á flókna helgisiði með töntrum og yoga og margskonar helgihlutum, til dæmis sérstökum kortum (mandala), sprotum (vajra), hnífum (phurba), bjöllum (ghanta) og handtrommum (damaru).



Dalai Lama er yfirmunkur klaustursins í Tíbet. Þar sem Tíbet var munkaríki er Dalai Lama þar með einvaldur í landinu. Lama merkir fræðari eða meistari en Dalai merkir hafsjór. Dalai Lama er talinn

Tíbet er landsvæði fyrir norðan Himalayafjallgarðinn. Þetta var lengi sjálfstætt land en er núna undir yfirráðum Kína

Klaustur er staður þar sem munkar eða nunnur búa

Það kallast **einvaldur** þegar aðeins einn maður ræður öllu í landinu

Hugmyndin um **endurfæðingu** byggist á því að fólk fæðist alltaf aftur og aftur í nýjum líkama og það fari eftir gjörðum manns í fyrri lífum hvar maður lendir í því næsta

Sá er í **útleið** sem hrakist hefur frá heimalandi sínu og getur ekki snúið til baka

Friðarverðlaun Nóbels eru mjög virt verðlaun á heimsmælikvarða sem veitt eru árlega einhverri manneskju sem þykir hafa unnið mikilvægt starf fyrir mannréttindi og frið

vera Búdda endurfæddur. Þegar Dalai Lama deyr er leitað að sveinbarni eða yangsi sem gæti verið hann endurfæddur. Það er því leitað eftir ákveðnum merkjum til dæmis að barnið hafi fæðst með krosslagðar fætur. Þeir drengir sem koma til greina sem nýr Dalai Lama þurfa einnig að þreyta próf þar sem lagðir eru fyrir þá raunverulegir hlutir úr eigu hins fyrri Dalai Lama og eftirlíkingar. Það barn sem velur sér rétta hluti er Dalai Lama endurfæddur og er það flutt til Lhasa og þjálfað af munkunum eða lamaprestunum.

Árið 1959 lögðu kínverjar Tíbet undir sig og hraktist hinn 14. og núlifandi Dalai Lama í útleið ásamt fjölda munkka. Hann hefur síðan þá ferðast um allan heim til að kynna búddadóm og talað fyrir frelsi Tíbets. Hann var fyrsti Dalai Lama til að ferðast til Vesturlanda. Hann hefur skrifað margar bækur um frið, kærleika, hamingju og andleg málefni og árið 1989 hlaut hann Friðarverðlaun Nóbels.

Spurningar

1. Hvar er lamasiður uppruninn og hvað er það helst sem greinir hann frá hinum ráðandi stefnum búddadóms?
2. Hver er Dalai Lama?
3. Hvað er gert þegar Dalai Lama deyr?
4. Hvaða virtu verðlaun fékk núlifandi Dalai Lama árið 1989?